



Samstarfssamningur

Borgarbyggð og Sigurður Bjarki Gunnarsson f.h. Reykholtshátíðar

Borgarbyggð, kt 510694-2289, Borgarbraut 8, 310 Borgarnesi og Sigurður Bjarki Gunnarsson f.h. Reykholtshátíðar, kt. 181275-5619, Látraströnd 28, 170 Seltjarnanesi, gera með sér svohljóðandi

1. gr. Tilgangur, framtíðarsýn og meginmarkmið

Tilgangur með samningi þessum er að tryggja rekstur hátíðarinnar í Borgarbyggð árið 2021. Í menningarstefnu Borgarbyggðar (endurskoðuð árið 2020) er tilgreint að viðburðir á vegum sveitarfélagsins skuli vera fjölbreyttir og miðist við þarfir allra hópa. Ennfremur er tilgreint að sveitarfélagið skuli gera samstarfssamning við viðburðarhaldara stærstu viðburða í sveitarfélaginu og gera ráð fyrir styrktarupphæð í fjárhagsáætlun. Sveitarfélagið metur hverju sinni hvaða viðburðir teljast til stærstu viðburða og hve margir viðburðir fá styrk ár hvert.

Meginmarkmið samningsins er að tryggja menningararfleið viðburða í Borgarbyggð ásamt því að efla jákvæða ímynd Borgarbyggðar sem ferðamannastaður bæði á Íslandi sem og á erlendri grunnu.

2. gr. Upphæð styrksins

Upphæð styrksins nemur 300.000 kr. – þrjúhundraðþúsundkrónur.

3. gr. Skyldur Reykholtshátíðar

Viðburðahaldari Reykholtshátíðar skuldbindur sig til að:

- a) Sjá um hátíðina að öllu öðru leyti, en fram kemur í 4. gr samnings þessa.
- b) Sjá alfarið um skipulagningu hátíðarinnar, fjármögnun, markaðssetningu og annað utanumhald sem kemur að framkvæmd hátíðarinnar.
- c) Sjá alfarið um alla gæslu á viðburðasvæði/svæðum og semur við aðila um að annast þann þátt.
- d) Sjá alfarið um sjúkra- og slysavaktir og sem við viðurkennda aðila sem mun annast þann þátt.
- e) Leggja fram kostnaðaráætlun 30 daga áður en hátíðin hefst.
- f) Leggja fram fjárhagslegt uppgjör eigi síðar en 4 mánuðum eftir að hátíðin fer fram.

SBG
PS

4. gr. Skyldur Borgarbyggðar

Borgarbyggð skuldbindur sig til að:

- a) Leggja fram vinnuframlag samskiptastjóra Borgarbyggðar, allt að fjórar klukkustundir.
- b) Aðstoð við markaðssetningu, felur í sér eftirfarandi:
 - I. Auglýsa viðburðinn á netmiðlum sveitarfélagsins.
 - II. Auglýsa staka dagskráliði eftir því sem þurfa þykir.
- c) Aðstoð við kynningarefni, felur í sér eftirfarandi:
 - I. Viðburðahaldarar geta notað prentaðstöðu Ráðhús Borgarbyggðar svo lengi sem það truflar ekki almenna starfsemi hússins. Samskiptastjóri metur prentmagn í samræmi við þörf viðburðahaldara.
- d) Láta í té starfskrafta fyrir uppsetningu og aðrar framkvæmdir sem þurfa þykir fyrir hátíðina, allt að átta klukkustundir. Samskiptastjóri hefur milligöngu þess efnis og viðburðahaldarar hafa ekki heimild til þess að biðja aðra en hann um leyfi fyrir starfskraft frá sveitarfélaginu.

5. gr. Gildistími

Samstarfssamningur þessi gildir einungis fyrir árið 2021, nánar tiltekið 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2021 og skal endurskoða að ári liðnu

6. gr. Annað

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki.

Samningur þessi skal undirritaður í votta viðurvist.


Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdóm Vesturlands í Borgarnesi.

Samningur þessi er undirritaður og samþykktur með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Borgarnes, 17. maí 2021

Sigurður B. Gunnarsson

F.h. Reykholtshátíðar



F.h. Borgarbyggðar

Voffar að rétttri dagsetningu og undirritun

Pjetri H. Sigurðsson 270685-2509

Maíra Neves 240890-3809